

Múr og mál ehf.

Tunguhálsi 17  
110 Reykjavík

**Tegund skoðunar:** Takmörkuð úttekt 30.8.2018

**Staðsetning skoðunar:** Tunguhálsi 17

**Deild:**

**Eftirlitsmaður:** 

**Þátttakendur í eftirlitsheimsókn:**

Í þessari eftirlitsskýrslu er gerð grein fyrir því sem krefst úrbóta af hálfu fyrirtækisins og gefin tímasett fyrirmæli um hvenær úrbótum skuli lokið.

**Áður en tímafrestrir renna út skal fyrirtækið senda tilkynningu um úrbætur og útfærslu þeirra, með myndum ef við á, til Vinnueftirlitsins á netfangið **

Ef tilkynning um úrbætur berst Vinnueftirlitinu ekki innan tilgreinds tímafrests þá getur komið til stöðvunar vinnu eða lokunar á þeim hluta starfseminar er fyrirmæli beinast að, sbr. 84. gr., og/eða álagningar dagsekta, sbr. 87. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum.

Taka skal með í áhættumat fyrirtækisins og áætlun um forvarnir þau atriði sem athugasemdir eru gerðar við í þessari skýrslu. Þó geta verið önnur atriði sem þarfnast úrbóta í fyrirtækinu og komu ekki fram í heimsókn Vinnueftirlitsins. Ef svo háttar skal einnig gera þeim skil í áhættumati fyrirtækisins.

#### **Kynning**

Farið skal yfir efni þessarar skýrslu með fulltrúum starfsmanna.

### Athugasemd 1 - Öryggi

Lýsing & mat á aðstæðum:

Öll vinna á þaki hússins að Eiðistorgi 7-9 var bönnuð þann 29.08.2018 vegna skorts á fallvörnum sbr. eftirlitsskýrslu nr. 106195. Banni því var aflétt þann sama dag með skýrslu nr. 106196. Þrátt fyrir bannið voru starfsmenn Múr og mál ehf. að vinna á þakinu án fullnægjandi fallvarna þann 30.08.2018. Lögregla var kölluð til þar sem um itrekað brot var að ræða.

Fyrirmæli

Bann við vinnu á þaki hússins að Eiðisgranda 7-9 er itrekað og vinna á þökum hússins er með öllu bönnuð þar til gengið hefur verið frá fullnægjandi fallvörnum og er þar átt við línunotkun við vinnu á þaki. Bann þetta gildir einnig þar til að forsvarsmenn fyrirtækisins Múr og mál ehf. hafa fundað með Vinnueftirlitinu um vinnuverndarstarf fyrirtækisins og öryggismál.

Lög & reglur:

547/1996: Reglur um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingarvinnustöðum og við aðra tímabundna mannvirkjagerð. Breytingarreglur nr. 504/1999  
046/1980: Lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum

Leiðbeiningar:

Í reglugerð nr. 541/1996 REGLUR

um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingarvinnustöðum og við aðra tímabundna mannvirkjagerð. segir:

31. Vinna á þökum.

31.1. Ef framkvæma skal vinnu á þaki, sem vegna halla þaksins, áferðar þakflatarins eða vegna veðurskilyrða getur orsakað það, að starfsmenn falli niður, má ekki hefja vinnuna fyrir en nauðsynlegar öryggisráðstafanir hafa verið gerðar, svo ekki sé hætt á, að menn eða efni falli niður. Nauðsynlegt getur verið að reisa verkpalla við slíka vinnu til að fyrirbyggja hættu eða setja upp annan öryggisbúnað.

Ennfremur segir svo í lögum nr 046/1980

85. gr.

Telji Vinnueftirlitið að veruleg hættu sé á ferðum fyrir líf eða heilbrigði starfsmanna eða annarra, getur það krafist þess, að strax sé bætt úr skorti á nægjanlegu öryggi, eða látið hættu vinnu í þeim hluta starfseminnar, sem þannig er á sig kominn. Áfrýjun á ákvörðunum samkvæmt 84. gr. og 85. gr. frestar ekki stöðvun vinnu eða lokun starfsemi eða hluta hennar.

Áður en tímafrestrir renna út skal fyrirtækið senda tilkynningu um úrbætur og útfærslu þeirra, með myndum ef við á, til Vinnueftirlitsins á netfangið [REDACTED]

30.08.2018 [REDACTED]

Dagsetning og undirskrift eftirlitsmanns

#### **Andmælaréttur**

Samkvæmt 13. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 er meginreglan sú að aðili máls á rétt á að tjá sig um nefni máls áður en stjórnvald tekur ákvörðun í því enda liggi ekki fyrir í gögnum málsins afstaða hans og rök fyrir henni eða slíkt sé augljóslega óþarft. Ef andmæli eru við efni skýrslunnar þurfa þau að berast Vinnueftirlitinu innan 14 daga frá dagsetningu hennar. Berist engin andmæli innan frestsins mun skýrslan standa sem lokaákvörðun.

Frestur til andmæla á ekki við efvinna er bönnuð, starfsemi stöðvuð eða gefin eru fyrirmæli um tafarlaugar úrbætur skv. 84. gr. og 85. gr. laga nr. 46/1980 og taka slíkar ákvarðanir gildi strax.

#### **Áfrýjun úrskurða**

Samkvæmt 98. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum er heimilt að kæra ákvarðanir Vinnueftirlitsins til Velferðarráðuneytisins innan þriggja mánaða frá því að aðila var tilkynnt um ákvörðunina.

Samkvæmt 2. mgr. 85. gr. laga nr. 46/1980 frestar kæra á ákvörðunum Vinnueftirlitsins samkvæmt 84. gr. og 85. gr. laganna ekki stöðvun vinnu eða lokun starfsemi.

